

Sylviane Lecoultre
Grænamýri 12
170 Setjarnarnes
sylvianelecoultre@gmail.com

Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 07. mars 2019

Efni: Umsögn Lífsvirðingar um tillögu til þingsályktunar um dánaraðstoð, 149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal nr. 138 -138. mál.

Álit mitt:

Ég er ekkja Íslendingur sem valdi það að fara til Sviss til að fá aðstoð frá Dignitas, sem eru samtök um dánaaðstoð (www.dignitas.ch). Ég og börnin mín þrjú hvetjum Alþingi eindregið til að samþykkja þingsályktunartillöguna.

Maðurinn minn er líklega fyrsti Íslendingurinn sem hefur farið til útlanda til að fá aðstoð við að deyja.

Maðurinn minn treysti sér ekki að tala við fagfólk um áætlun hans. Það er sorglegt, að mínu mati, að hugsa til þess að skjólstaðingur treysti ekki meðferðaraðilum sem eiga að vera til staðar fyrir hann í lok æviskeiðs til þess að tala um dauðan.

Það þurfti að senda Dignitas ýmis vottorð og greinagerðir frá læknum til að gera grein fyrir sögu og stöðu sjúkdómsins. Maðurinn minn lét lækna aldrei vita af hverju hann þurfti þessi gögn. Hann var hræddur um að þeir myndu ekki láta hann fá gögnin ef þeir vissu tilganginn með þeim.

Viðbrögð aðstandenda og vina við ákvörðun eiginmanns míns, einkenndust af skilning, samkennd og hlýju, jafnvel þó að sumir voru ekki sannfærðir um að það væri rétt. Það opnaði oftast skemmtilegar umræðum og skoðanaskipti.

Fagfólkið er kom að máli eiginmanns míns var hægt að skipta í tvo hópa. Viðbrögð sumra var þögn, óþægindi eða reynt var að hafa áhrif á okkur fjölskylduna með að reyna sannfæra okkur um að maðurinn minn væri að taka þessa ákvörðun á röngum forsendum. Hinir vildu gjarnan styðja okkur, en gátu ekki rætt það opinberlega.

Ég veit persónulega um nokkra Íslendinga sem hafa haft samband við Dignitas og eru komin eitthvað á leið í ferlinu hjá þeim. Ég veit einnig um nokkra Íslendinga sem eru að biða og vona að þeir muni ekki þurfa að leita út fyrir landsteinana þar sem dánaraðstoð muni vera löglegt á Íslandi.

Ég veit um fagfólk sem er hlynnt dánaraðstoð.

Vegna þess sem ég hef talið hér að ofan tel ég að uppbyggileg umræða, það að undirbúa löggjöf um dánaraðstoð og fræðslu um málefnið, muni hjálpa einstaklingum sem eru að velja fyrir sér þeim möguleika á að fá aðstoð við að deyja að velja og að það muni hjálpa aðstandendum og vinum að ræða við ástvini þeirra. Síðast en ekki síst að hjálpa starfsfólki að tala opinberlega um skoðanir þeirra.

Fh hönd fjölskyldu Steinar Pétursson sem fékk dánar aðstoð í Sviss 1. Mars 2013,

Sylviane Lecoultre, Axel Steinarsson, Elín Steinarsdóttir, Matthias Steinarsson.

